

8
20 júní

6. gr.

Brjef og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hjerlendum eða útlendum, og öðrum stofnunum að annast slíkar greiðslur.

7. gr.

Skuldabrjefin ganga til enda útgáfutímans, án þess að vera dregin út eða á annan hátt innkölluð. Nú vill ríkissjóður draga inn af brjefum þeim, er úti eru, og má það að eins verða með frjálsum kaupum og sölum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

9
20. júní

L Ö G

um

skiftimynt úr eirnikkel.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel,

2. gr.

9

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera 20. júní
sem hér segir:

	Þvermát millimetrar	Þyngd brúttó gröm	málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	75 hlutar að þyngd af eiri.
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	25 hlutar að þyngd af nikkel.

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna í milli, fyrir alt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikil eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart ríkissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir, er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjeð, fyrir reikning hvaða ríkis þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreimileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10—10000 krónum.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1933.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.